

Íslenski lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur

2012

Íslenski lífeyrissjóðurinn
Austurstræti 11
101 Reykjavík
Kt. 430990-2179

Íslenski lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur

2012

Þannig samþykkt á fundi, 10. apríl 2013

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Áritun stjórnar	5
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-19
Sérgreind yfirlit deilda	20-22
Fjárfestingarstefna 2013	23-24

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Íslenska lífeyrissjóðnum

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2012, efnahag hans 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Kópavogur, 10. apríl 2013.

Deloitte ehf.



Sigurður Páll Hauksson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Um Íslenska lífeyrissjóðinn

Íslenski lífeyrissjóðurinn var stofnaður í júní 1990 og staðfesti Fjármálaráðuneytið samþykktir sjóðsins þann tuttugasta þess mánaðar. Tilgangur sjóðsins, samkvæmt 2. gr. samþykktu, er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri.

Á sjóðfélagafundi 30. júní 1998 var samþykkt að breyta Íslenska lífeyrissjóðnum í alhliða lífeyrissjóð samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Fjármálaráðuneytið veitti sjóðnum síðan leyfi til starfrækslu lífeyrissjóðs 20. október 1999.

Starfsemin á nýliðnu ári fólst í að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í samræmi við lög um lífeyrissjóði, samþykktir og fjárfestingastefnu sjóðsins.

Yfirlit yfir árið 2012

Í lok árs 2012 voru sjóðfélagar 27.652 talsins, samanborið við 27.456 í ársbyrjun. Virkir sjóðfélagar í árslok, þ.e. einstaklingar sem greiddu iðgjöld á árinu, voru 8.776 og lífeyrisþegar voru 567 talsins. Á árinu voru 2.151 sjóðfélagar með sérstaka útgreiðslu á séreignarsparnaði. Í árslok var stærð sjóðsins 37.140,6 millj. kr., sem er um 10,1% stækkun á árinu.

Á árinu 2012 var enginn starfsmaður hjá sjóðnum, en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbankans sér bankinn um rekstur sjóðsins. Sjóðurinn greiddi Landsbankanum 148,6 m.kr. í fasta þóknun vegna reksturs sjóðsins á árinu. Þessi þóknun nemur 0,42% af meðalstærð sjóðsins á árinu.

Á árinu voru haldnir 12 formlegir fundir hjá stjórn sjóðsins. Auk þess var haldinn stefnumótunarfundur þar sem hafin var vinna við mótun á stefnu sjóðsins og framtíðarsýn.

Árið 2012 samþykkti stjórn áhættustýringarstefnu Íslenska lífeyrissjóðsins. Í stefnunni eru settar fram verklagsreglur um það hvernig mæla skuli helstu áhættuþætti sem snerta rekstur sjóðsins; markaðsáhættu, mótaðilaáhættu, rekstaráhættu og lífeyristryggingaráhættu. Áhættustýringarstefnan gerir ráð fyrir því að fylgst sé með breytingum á áhættu sjóðsins með reglubundnum hætti.

Í árslok 2011 samþykkti Alþingi breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Með breytingunni var frádráttarbært iðgjald launþega til viðbótarlífeyrissparnaðar lækkað úr 4% í 2%. Ákvæðið er tímabundið og gildir frá 1. janúar 2012 til ársloka 2014. Þar sem stór hluti af iðgjöldum til Íslenska lífeyrissjóðsins er vegna viðbótarlífeyrissparnaðar sjóðfélaga er ljóst að þessi lagabreyting hefur töluverð áhrif á iðgjaldagreiðslur. Lagabreytingin er ein af aðalástæðum þess að iðgjöld sjóðfélaga drógust saman um 26,6% á milli ára.

Frá árinu 2009 hefur Sérstakur saksóknari verið með mál tengd Íslenska lífeyrissjóðinum til rannsóknar. Upphaf rannsóknarinnar má rekja til kæru Fjármálaeftirlitsins vegna meintra brota á fjárfestingastefnu sjóðsins á fyrri hluta árs 2008. Í kjölfar kæru var stjórn og framkvæmdastjóra sjóðsins vikið frá störfum og sjóðnum skipaður tímabundinn umsjónaraðili. Umsjónaraðilinn starfaði frá mars 2009 til nóvember 2009 og tók þá framkvæmdastjóri og réttkjörin stjórn við rekstri sjóðsins á ný. Á árinu 2011 lauk Sérstakur saksóknari rannsókn sinni með niðurfellingu málsins án ákæru. Sú ákvörðun var kærð af Fjármálaeftirlitinu til Ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari vísaði málinu aftur til rannsóknar hjá Sérstökum saksóknara. Núna fjórum árum eftir að málið hófst hefur Sérstakur saksóknari lokið rannsókn sinni og Ríkissaksóknari tekið ákvörðun um að fella málið endanlega niður án ákæru. Stjórn sjóðsins hefur allt frá upphafi þessa máls gert alvarlegar athugasemdir við málsmeðferð og framgöngu Fjármálaeftirlitsins og fjármálaráðuneytisins.

Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings sjóðsins eru skuldbindingar samtryggingadeildar 87 milljónum hærri en eignir, eða 0,5%. Eignir og skuldbindingar deildarinnar eru því í jafnvægi og ekki eru fyrirhugaðar neinar breytingar á réttindum sjóðfélaga.

Skýrsla stjórnar

Ávöxtun Íslenska lífeyrissjóðsins

Ávöxtun deilda Íslenska lífeyrissjóðsins árið 2012 var góð og í takt við viðmið sjóðsins sem skilgreind eru í fjárfestingastefnu hans.

Nafnávöxtun sjóðsins.	2012	2011	2010
Líf I	8,5%	9,4%	13,4%
Líf II	7,1%	10,0%	11,8%
Líf III	6,7%	10,3%	11,8%
Líf IV	5,0%	9,4%	13,4%
Samtrygging	7,8%	7,3%	7,2%

Eins og árið á undan bar skuldabréfamarkaðurinn uppi veltuna á íslenskum verðbréfamarkaði á árinu 2012 og voru mest viðskipti með skuldabréf útgefin af íslenska ríkinu og Íbúðalánasjóði. Árið byrjaði með talsverðri verðbólgu en í upphafi árs var tólf mánaða hækkun vísitölu neysluverðs yfir 6% og hélst þannig fram á vorið en tók að lækka þegar leið á sumarið en verðbólgan 2012 var 4,2%.

Ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa lækkaði hratt fyrstu vikur ársins en hækkaði í mars þegar höft á fjármagnsflutningum voru hert. Í nóvember varð mikill titringur kringum Íbúðalánasjóð (ÍLS) þegar umræða um bága stöðu sjóðsins fór af stað og voru viðskipti með skuldabréfaflokka sjóðsins stöðvuð tvisvar með nokkurra daga millibili. Nokkur gróska hefur verið í útgáfu fyrirtækjaskuldabréfa og skuldabréfa fjármálastofnana en mjög lítið hefur verið um slíkar útgáfur frá árinu 2008. Árið 2013 fer kröftuglega af stað á skuldabréfamarkaði enda er útlit fyrir lítið framboð á bréfum miðað við eftirspurn og á það sérstaklega við um verðtryggt skuldabréf með ábyrgð ríkis.

Innlendi hlutabréfamarkaðurinn braggðist nokkuð á árinu 2012. Heildarviðskipti með hlutabréf á árinu námu 89 milljörðum en til samanburðar námu viðskipti 69 milljörðum á árinu 2011. Þrjú félög voru skráð á markað á árinu; Reginn, Eimskip og Fjarskipti hf (Vodafone). Vísitala innlendra hlutabréfa, OMXI6 hækkaði um 16,5% á árinu. Mest hækkuðu hlutabréf Icelandair eða um 63,4% og þar á eftir komu hlutabréf Haga með 39,4% hækkun. Útlit er fyrir að árið 2013 verði gott á hlutabréfamarkaðinum. Efnahagur þeirra félaga sem eru á hlutabréfamarkaði er almennt góður og ytra umhverfi að vænkast. Nokkur félög hafa horft til skráningar á hlutabréfamarkað á árinu 2013 og 2014. Nefnd hafa verið fyrirtæki eins og VÍS, TM, Reitir, Advania og N1.

Breytingar á fjárfestingastefnu

Um áramótin tók gildi ný fjárfestingastefna fyrir Íslenska lífeyrissjóðinn. Gerðar voru breytingar á stefnum allra deilda sjóðsins nema Líf IV sem er 100% ríkisskuldabréfaleið. Breytingarnar voru á þann veg að vægi innlána og ríkisskuldabréfa var minnkað og vægi innlendra hlutabréfa var aukið. Breytingarnar voru gerðar til þess að ávöxtunarleiðir sjóðsins gætu verið þátttakendur í vexti innlenda hlutabréfamarkaðarins og til þess að aðgreina ávöxtunarleiðir sjóðsins betur.

Áritun stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Reykjavík, 10. apríl 2013


Stjórn



Atli Atlason



Þórir Óskarsson



Una Eypórsdóttir



Snorri Ómarsson



Erla Ósk Ásgeirsdóttir

Framkvæmdastjóri



Halldór Kristinsson

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2012

	Skýr.	2012	2011
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		1.036.578.216	1.411.291.605
Iðgjöld launagreiðenda		1.800.929.906	1.751.616.644
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(69.282.555)	(218.186.089)
Sérstök aukaframlög		14.458.421	19.022.728
		<u>2.782.683.988</u>	<u>2.963.744.888</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	3	1.872.602.646	2.755.554.657
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		1.697.655	0
Tryggingakostnaður		8.020.996	15.623.215
		<u>1.882.321.297</u>	<u>2.771.177.872</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum		360.215.550	90.054.787
Vaxtatekjur og gengismunur	4	2.350.329.601	2.733.880.604
Breytingar á niðurfærslu	8	(31.490)	110.135.335
		<u>2.710.513.661</u>	<u>2.934.070.726</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5	56.125.115	10.575.683
Vaxtagjöld		6.652.508	4.317.058
		<u>62.777.623</u>	<u>14.892.741</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5	140.962.815	37.879.767
		<u>140.962.815</u>	<u>37.879.767</u>
Önnur gjöld			
Sérstakt gjald á lífeyrissjóði	5	728.130	3.474.511
Hækkun á hreinni eign á árinu			
Hækkun á hreinni eign á árinu		3.406.407.784	3.070.390.723
Hrein eign frá fyrra ári		33.734.147.489	30.663.756.766
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>37.140.555.273</u>	<u>33.734.147.489</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

Eignir	Skýr.	31.12.2012	31.12.2011
Fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum	2,6	13.014.717.140	9.612.736.141
Verðbréf með föstum tekjum	2,7	21.614.832.778	19.264.497.990
Bankainnstæður		1.611.558.728	2.867.648.358
		<u>36.241.108.646</u>	<u>31.744.882.489</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur	2	156.904.235	166.383.302
Aðrar kröfur	13	2.161.009	1.265.268
		<u>159.065.244</u>	<u>167.648.570</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltiinnlán		981.266.371	2.213.343.065
		<u>981.266.371</u>	<u>2.213.343.065</u>
	Eignir	<u>37.381.440.261</u>	<u>34.125.874.124</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Aðrar skuldir	14	181.587.954	299.605.954
		<u>181.587.954</u>	<u>299.605.954</u>
Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur			
Fyrirfram innheimtar tekjur		59.297.034	92.120.681
		<u>59.297.034</u>	<u>92.120.681</u>
Skuldir		<u>240.884.988</u>	<u>391.726.635</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls		<u>37.140.555.273</u>	<u>33.734.147.489</u>
Greining á hreinni eign á deildir			
Líf I		11.188.194.190	10.902.178.462
Líf II		8.900.150.522	8.080.220.319
Líf III		6.717.057.821	5.911.332.537
Líf IV		4.088.846.429	3.677.465.529
Samtrygging		6.246.306.311	5.162.950.642
		<u>37.140.555.273</u>	<u>33.734.147.489</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2012

	2012	2011
Inngreiðslur		
Iðgjöld	2.775.019.387	2.881.816.209
Fjárfestingartekjur	1.097.554.174	1.068.732.489
Afborganir verðbréfa	513.597.254	1.831.301.607
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	5.284.692.070	1.347.445.254
Seld verðbréf með föstum tekjum	3.605.432.919	2.330.992.208
Aðrar inngreiðslur	0	45.990.775
	<u>13.276.295.804</u>	<u>9.506.278.542</u>
Útgreiðslur		
Lífeyrir	1.975.680.229	2.633.778.793
Fjárfestingargjöld	62.709.092	58.946.024
Rekstrarkostnaður án afskrifta	152.362.663	103.148.020
Aðrar útgreiðslur	43.889.476	0
	<u>2.234.641.460</u>	<u>2.795.872.837</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu	<u>11.041.654.344</u>	<u>6.710.405.705</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	7.631.286.421	2.295.659.911
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	5.898.534.247	6.442.999.000
Hækkun (lækkun) á bankainnstæðum	(1.256.089.630)	644.676.829
	<u>12.273.731.038</u>	<u>9.383.335.740</u>
Lækkun á sjóði og veltiinnlánnum	<u>(1.232.076.693)</u>	<u>(2.672.930.034)</u>
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun	<u>2.213.343.065</u>	<u>4.886.273.099</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok	<u>981.266.372</u>	<u>2.213.343.065</u>

1. Starfsemi

Íslenski lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Lífeyrissjóðurinn er aldurstengdur sjóður sem rekur bæði séreignadeild og samtryggingardeild.

Samtrygging

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til aviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum laganna. Frjáls aðild er að lífeyrissjóðnum og hafa allir þeir sem ekki er skylt að greiða lágmarksiðgjald til annars lífeyrissjóðs heimild að greiða í þennan sjóð. Samtryggingadeild fylgir sambærilegri fjárfestingastefnu og Líf II. Stefnt er að því að fjárfesta 5% af eignum í innlánnum innlánsstofnana, 70% í innlendum skuldabréfum, 17% í skráðum og óskráðum innlendum hlutabréfum og 8% í erlendum verðbréfum.

Séreign

Lífeyrissjóðurinn tekur við viðbótariðgjöldum sjóðfélaga. Sjóðfélögum í lífeyrissjóðnum ásamt öðrum sem þess óska er frjálst að greiða viðbótariðgjöld í séreignasjóðinn. Séreignasjóðurinn býður upp á fjórar ávöxtunarleiðir með mismunandi ávöxtun og áhættu.

Líf I

Líf I hentar þeim sem eiga 20 ár eða meira eftir af söfnunartíma sínum og eru tilbúnir að taka meiri áhættu og ná þannig hærri ávöxtun til lengri tíma. Stefnt er að góðri langtímaávöxtun en sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar yfir skemmra tímabil. Fjárfestingarstefnan mótast af því að leyfilegt er að nýta fjölbreytt tækifæri sem bjóðast á verðbréfamörkuðum. Stefnt er að því að fjárfesta 5% af eignum í innlánnum innlánsstofnana, 60% í innlendum skuldabréfum, 21% í skráðum og óskráðum innlendum hlutabréfum og 14% í erlendum verðbréfum.

Líf II

Líf II hentar þeim sem eiga meira en 5 ár eftir af starfsævinni og þeim sem kjósa að taka hóflega áhættu með lífeyrissparnaðinn sinn. Stefnt er að því að fjárfesta 5% af eignum í innlánnum innlánsstofnana, 70% í innlendum skuldabréfum, 16% í skráðum og óskráðum innlendum hlutabréfum og 9% í erlendum verðbréfum.

Líf III

Líf III hentar þeim sem eiga skamman tíma eftir af starfsævi sinni og söfnunartíma og þeim sem vilja stöðuga ávöxtun sem sveiflast lítið. Stefnt er að því að fjárfesta 6% af eignum í innlánnum innlánsstofnana, 79% í innlendum skuldabréfum, 10% í skráðum og óskráðum innlendum hlutabréfum og 5% í erlendum verðbréfum.

Líf IV

Líf IV hentar þeim sem eru að nálgast töku lífeyris eða eru nú þegar farnir að taka út lífeyri. Stefnt er að því að fjárfesta 100% af eignum deildarinnar í skuldabréfum með ríkisábyrgð.

Lífeyrisréttindi

Með iðgjaldgreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í samtryggingu ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 70 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira og leitt hefur til tekjuskurðingar. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún er aldurstengd. Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar í samtryggingu með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft áhrif á lífeyrisréttindi, því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Lífeyrisréttindi í séreignasjóðnum miðast við innborguð iðgjöld rétthafa ásamt þeirri hreinu ávöxtun sem fengist hefur á iðgjöldin. Heimilt er að hefja töku séreignarsparnaðar þegar rétthafi er orðinn 60 ára, en þó ekki fyrir en tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign.

Útgreiðsluleiðir

Lífeyrissjóðurinn hefur, frá því að hann fékk starfsleyfi, boðið fjóra kosti (leið I-IV) við öflun lágmarkstryggingaverndar og hafa sjóðfélagar getað valið milli þessara kosta við inngöngu í sjóðinn. Ef sjóðfélagi velur sér ekki ákveðna leið er hann sjálfkrafa settur í leið I.

Frá og með 15. maí 2003 hafa sjóðfélagar eingöngu getað valið milli leiða I og III við inngöngu í sjóðinn. Þeir sjóðfélagar sem höfðu valið leið II eða IV, fyrir 15. maí 2003, geta þó haldið áfram að greiða til sjóðsins samkvæmt þeim leiðum.

Skýringar

1. Starfsemi (framhald)

Útgreiðsluleiðir

Munur leiðanna liggur í því hvernig lögbundið iðgjald sjóðfélaga skiptist á milli samtryggingar, bundinnar séreignar og frjálsrar séreignar. Allt iðgjald umfram lögbundið lágmarksiðgjald fer í séreign. Frjáls séreign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri. Bundin séreign er laus til útborgunar frá 70 ára aldri og greiðist með jöfnum greiðslum til þess tíma er greiðslur úr samtryggingu hefjast. Val útgreiðsluleiðar ræður því hvenær greiðslur úr samtryggingu hefjast. Frjáls séreign og bundin séreign eru að fullu eign sjóðfélagsins og erfist samkvæmt erfðalögum. Greiðsla lífeyris úr samtryggingu hefst við 70 ára aldur, eða síðar, eftir því hvaða útgreiðsluleið er valin, og greiðist til æviloka. Samtryggingin tryggir sjóðfélögum ævilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Starfræksla sjóðsins

Landsbankinn annast starfrækslu lífeyrissjóðsins samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og bankans. Skrifstofa sjóðsins er að Austurstræti 11, 101 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og lög um ársreikninga. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Gjaldmiðlar og vísitölur

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2012	2011	31.12.2012	31.12.2011
Eвра (EUR).....	160,73	161,42	169,33	158,40
Bandaríkjadalur (USD).....	125,05	116,07	128,43	122,42
Sterlingspund (GBP).....	198,16	186,00	207,65	188,97

Áhættustýring

Íslenski lífeyrissjóðurinn fer eftir áhættustýringarstefnu. Í stefnunni eru settar fram verklagsreglur um það hvernig mæla skuli helstu áhættuþætti sem snerta rekstur sjóðsins; markaðsáhættu, mótaðilaáhættu, rekstraráhættu og lífeyrstryggingaráhættu. Áhættustýringarstefnan gerir ráð fyrir að fylgst sé með breytingum á áhættu sjóðsins með reglubundnum hætti.

Engir framvirkir gjaldmiðlasamningar við lánastofnanir eru í gangi hjá sjóðnum í árslok 2012.

Skráning iðgjalda

Iðgjöld eru tekjufærð þegar iðgjaldaskilgreinar berast sjóðnum. Í árslok er einnig áætlað vegna ótilkynntra iðgjalda í samtryggingardeild. Óinnheimt iðgjöld í árslok, bæði tilkynnt og ótilkynnt, eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi.

Sjóðfélagar greiða iðgjöld inn á sameiginlegan iðgjaldareikning lífeyrissjóðsins óháð því í hvaða deild þeir greiða. Þegar skilgreinar hafa borist sjóðnum eru fjárhæðir millifærðar af þessum iðgjaldareikningi inn á réttar deildir. Í lok árs 2012 er staðan á iðgjaldareikningi sjóðsins um 59,3 milljón króna og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi meðal fyrirfram innheimtra tekna.

Lífeyrir

Lífeyrir er gjaldfærður þegar hann er greiddur til lífeyrisþega.

Skráning tekna

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi íslensku krónunnar.

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og bankainnstæðum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á gengi innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

Skýringar

2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignausýslu eða annan rekstur sjóðsins.

Verðbréf

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum í séreign eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það er talið nauðsynlegt til að tryggja réttláta skiptingu ávöxtunar sjóðsins milli rétthafa hans. Verðbréf með föstum tekjum í samtryggingu eru eignfærð á kaupávöxtunarkröfu.

Vegna þeirrar áhættu sem tengd er verðbréfaeign eru verðbréf færð niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur sem færður er til frádráttar verðbréfaeign í efnahagsreikningi.

3. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

	2012	2011
Ellilífeyrir	371.683.920	382.313.322
Fyrirframgreiðsla séreignarsparnaðar.....	1.449.106.026	2.258.137.878
Örorkulífeyrir	30.689.482	27.572.617
Makalífeyrir	11.532.685	48.612.882
Barnalífeyrir	9.590.533	38.917.958
	<u>1.872.602.646</u>	<u>2.755.554.657</u>

	Líf I	Líf II	Líf III	Líf IV	Samtrygging
Ellilífeyrir	5.521.611	7.367.052	213.983.227	141.460.800	3.351.230
Fyrirframgreiðsla séreignarsparnaðar.....	833.249.114	368.139.053	116.608.279	131.109.580	0
Örorkulífeyrir	316.103	705.368	3.385.135	62.056	26.220.820
Makalífeyrir	774.446	612.867	2.709.026	5.263.442	2.172.904
Barnalífeyrir	0	4.251.955	4.442.748	841.938	53.892
	<u>839.861.274</u>	<u>381.076.295</u>	<u>341.128.415</u>	<u>278.737.816</u>	<u>31.798.846</u>
Framlag upp í örorkulífeyrir skv. örorkusamkomulagi lífeyrissjóða.....					8.020.996
Gjald til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs.....					1.697.655
	<u>839.861.274</u>	<u>381.076.295</u>	<u>341.128.415</u>	<u>278.737.816</u>	<u>41.517.497</u>

Skýringar

4. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig:	2012	2011
Af verðbréfum með breytilegum tekjum.....	780.667.302	279.698.239
Af verðbréfum með föstum tekjum.....	1.328.513.105	2.099.142.266
Af bankainnstæðum.....	241.149.195	355.040.099
	<u>2.350.329.601</u>	<u>2.733.880.604</u>

5. Rekstrargjöld

Hjá lífeyrissjóðnum starfar enginn starfsmaður en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbankans annast bankinn starfrækslu sjóðsins.

Laun og tengd gjöld til stjórnar sjóðsins sundurliðast þannig:

	2012	2011
Jón Snorri Snorrason, stjórnarformaður.....	1.510.000	1.282.500
Brynjar Þór Guðmundsson, fyrrv. stjórnarformaður.....	0	270.000
Atli Atlason, varaformaður stjórnar.....	1.132.500	855.000
Þórir Óskarsson.....	755.000	810.000
Þorsteinn Frímann Sigurðsson.....	355.000	140.000
Snorri Ómarsson.....	755.000	380.000
Una Eypórsdóttir.....	755.000	220.000
Guðríður Sigurðardóttir.....	175.000	0
Erla Ósk Ásgeirsdóttir.....	215.000	0
Bragi Gunnarsson.....	0	135.000
Jón Eðvald Malmquist.....	0	285.000
Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir.....	0	300.000
Mótframlag í lífeyrissjóð og tryggingagjald.....	935.439	811.172
	<u>6.587.939</u>	<u>5.488.672</u>

Endurskoðunarnefnd sjóðsins skipa Þórir Óskarsson formaður, Þorsteinn Frímann Sigurðsson og Ólafur Örn Ingólfsson. Laun endurskoðunarnefndar á árinu námu alls 240 þúsundum króna. Laun nefndarinnar á fyrra ári námu 630 þúsundum króna.

Þóknun til endurskoðenda sundurliðast þannig:

	2012	2011
Endurskoðun ársreiknings.....	3.915.587	6.564.482
Tæknileg aðstoð við gerð ársreiknings.....	536.826	1.166.766
Könnuð árshlutauppgjör.....	1.248.537	1.461.282
Önnur sérfræðisþjónusta	223.076	163.778
	<u>5.924.027</u>	<u>9.356.307</u>

Skýringar

5. Rekstrargjöld (framhald)

Fjárfestingagjöld sundurliðast þannig:

Skrifstofu og stjórnunarkostnaður:	2012	2011
Reiknaður umsýslu- og stjórnunarkostnaður.....	49.553.367	10.575.683
Árangurstengd umsýsla.....	6.571.748	0
	<u>56.125.115</u>	<u>10.575.683</u>

Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:

Skrifstofu og stjórnunarkostnaður:	2012	2011
Reiknaður umsýslu- og stjórnunarkostnaður.....	99.106.730	21.151.368
Árangurstengd umsýsla.....	13.143.497	0
Endurskoðun.....	5.924.027	0
Stjórnarlaun og tengd gjöld.....	6.867.337	0
Fjármálaeftirlitið.....	6.881.000	6.229.523
Lagt í bundna séreign vegna örorku.....	2.987.159	4.252.001
Tryggingastærðfræðingur.....	2.712.361	2.184.255
Landssamtök lífeyrissjóða.....	671.703	795.414
Starfsábyrgðartrygging.....	666.757	484.250
Lögfræðikostnaður.....	1.657.457	2.782.956
Ýmis kostnaður.....	344.787	0
	<u>140.962.815</u>	<u>37.879.767</u>

Umsýsluþóknun Íslenska lífeyrissjóðsins til Landsbankans er 0,42% af meðalstöðu hreinnar eignar yfir árið. Því til viðbótar reiknast árangurstengd þóknun ef ávöxtun eigna sjóðsins fer umfram þær viðmiðunarvísitölur sem fjárfestingastefna sjóðsins tekur mið af.

Árangurstengd þóknun er 20% af ávöxtun umfram viðmið sjóðsins. Samanlögð þóknun getur þó ekki farið umfram 0,15% af eignum. Árangurstengd þóknun er reiknuð sérstaklega fyrir samtryggingardeildina og hverja leið Lífsbrautarinnar. Árangurstengd þóknun reiknast af jákvæðri jafnt sem neikvæðri ávöxtun.

Til þess að Landsbankinn fái aukna umsýsluþóknun í formi árangurstengdrar umsýsluþóknunar þarf ávöxtun eigna Íslenska lífeyrissjóðsins að ganga mjög vel. Árangurinn þarf að vera betri en meðaltalsbreyting á þeim mörkuðum sem hann er að fjárfesta á. Auk þess þarf sjóðurinn að vinna upp þann viðskiptakostnað sem leggst til við eignastýringu sjóðsins.

Breytingar voru gerðar á rekstrarsamningi sjóðsins og Landsbankans frá síðustu reikningsskilum. Sjóðurinn greiðir nú stjórnarlaun og kostnað við endurskoðun en áður var sá kostnaður innifalinn í umsýsluþóknun

Gjald í ríkissjóð

Þann 23. desember 2011 samþykkti Alþingi breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Í breytingunni fólst að við álagningu opinberra gjalda árið 2012 verður lífeyrissjóðum gert að greiða sérstakt gjald í ríkissjóð sem nemur 0,0814% af hreinni eign næstliðins árs. Gjaldldagi er 1. nóvember 2012 og fyrirframgreiðsluskýlda 31. desember 2011 og miðast sú greiðsla við hreina eign lífeyris eins og hún var í árslok 2010.

Gjaldið reiknast þannig:

	2012
Hrein eign í árslok 2011 til greiðslu lífeyris.....	5.162.950.642
Hlutfall.....	0,0814%
Sérstakt gjald.....	4.202.642
Til greiðslu 2011.....	(3.474.511)
Til greiðslu 2012.....	<u>728.131</u>

Skýringar

6. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:	2012	2011
Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum	2.187.725.377	877.348.092
Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum	7.193.990.162	6.510.671.906
Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum	3.633.001.601	2.224.716.143
	<u>13.014.717.140</u>	<u>9.612.736.141</u>

Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

	Líf I	Líf II	Líf III	Líf IV	Samtrygging
Skráð félög:					
Marel Food Systems hf.....	334.650.628	166.622.744	68.593.365	0	120.264.909
Össur hf.....	101.965.624	34.265.638	39.435.156	0	28.639.638
Icelandair group hf.....	185.877.487	87.010.558	32.539.906	0	92.041.929
Hagar hf.....	69.252.743	30.330.179	13.372.474	0	23.068.538
HB-Grandi hf.....	2.205.000	0	0	0	0
Eimskip hf.....	165.608.050	87.109.050	44.497.870	0	56.556.540
Reginn hf.....	126.891.523	64.796.446	26.482.104	0	46.254.736
Skráð félög alls	<u>986.451.055</u>	<u>470.134.615</u>	<u>224.920.875</u>	<u>0</u>	<u>366.826.290</u>
Óskráð félög:					
Atorka Group hf.....	267.176	0	0	0	0
Rekstrarf Framtakssj Íslands GP ehf.....	0	0	0	0	49.280
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða ehf.....	6.765	10.256	4.801	0	0
Tryggingamiðstöðin hf.....	66.801.930	34.567.149	12.975.516	0	24.709.669
Óskráð félög alls	<u>67.075.871</u>	<u>34.577.405</u>	<u>12.980.317</u>	<u>0</u>	<u>24.758.949</u>
Innlend félög alls	<u>1.053.526.926</u>	<u>504.712.020</u>	<u>237.901.192</u>	<u>0</u>	<u>391.585.239</u>
Hlutabréfaeign alls	<u>1.053.526.926</u>	<u>504.712.020</u>	<u>237.901.192</u>	<u>0</u>	<u>391.585.239</u>

Innlend hlutdeildarskírteini greinast þannig:

	Líf I	Líf II	Líf III	Líf IV	Samtrygging
Innlendir skuldabréfasjóðir:					
Markaðsbréf	384.985.572	372.558.030	333.849.128	0	210.020.435
